



Lægra álverð og loðnubrestur skýra samdrátt vöruútflutnings á árinu

Vöruútflutningur á fyrstu þremur fjórðungum ársins nam 434,1 ma.kr. og dróst hann saman um 2,5 ma.kr. eða 0,6% á föstu gengi krónunnar. Meginástæðan fyrir samdrættinum liggur í minna útflutningsverðmæti áls og álafurða en einnig hafði loðnubrestur töluverð áhrif.

Útflutningur áls og álafurða nam 161 ma.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins og dróst hann saman um 27,9 ma.kr. eða 14,7% á föstu gengi miðað við sama tímabil í fyrra. Útflutningur loðnu nam 7,2 ma.kr. og dróst hann saman um 10,2 ma.kr. eða 59%. Í tonnum talið nam samdrátturinn 80%. Engar veiðar voru heimilar og má því gera ráð fyrir því að útflutning á þessu ári megi skýra með birgðum frá fyrra ári.

Í nokkrum liðum mældist töluverð aukning í útflutningsverðmæti og er þar helst að nefna óvenjumikinn útflutning á flugvélum í janúar á þessu ári en rekja má hann til sölu WOW air á fjórum þotum í eigu félagsins. Útflutningur á flugvélum var enginn í fyrra og því kom útflutningur þessa árs út sem hrein aukning í útflutningsverðmæti en útflutningurinn á þessu ári nam 19,1 ma.kr.

Útflutningsverðmæti þorsks jókst um 6,3 ma.kr. en sama aukning var til staðar í makríl.


Verðmætaaukning þorsks nam 7,9% milli ára og skýrist af bæði örlítilli magnaukningu en einnig hærra afurðaverði í erlendri mynt.

Verðmætaaukning makríls nam 69% og skýrist fyrst og fremst af 56% aukningu í útfluttu magni í tonnum talið.

Lægra álverð og minni framleiðsla skýra samdrátt í álútflutningi

Það eru tvær skýringar á samdrætti útflutningsverðmæti áls milli ára en langveigamesta skýringin felst í þeirri lækkun sem orðið hefur á heimsmarkaðsverði áls milli ára. Þannig var meðalverð á áli á fyrstu 9 mánuðum ársins 1.831 Bandaríkjadollar borið saman við 2.161

Breyting í útflutningsverðmæti milli 2018 og 2019



Breyting á föstu gengi krónunnar. Sýnir annars vegar þá 6 liði þar sem samdrátturinn var mestur og þá 6 liði þar sem aukningin var mest
Heimild: Hagstofa Íslands

USD/tonn Heimsmarkaðsverð á áli




Heimild: Thomson Reuters



Bandaríkjadollar á sama tíma í fyrra. Verðlækkunin nemur því 15,3%. Önnur skýring er sú að útflutningur áls í tonnum talið dróst saman. Útflutningur áls nam 625 þúsund tonnum á fyrstu 9 mánuðum ársins borið saman við 664 þúsund tonn á sama tímabili í fyrra. Samdrátturinn nemur 6%. Minni útflutningur í tonnum talið má síðan að hluta til rekja til þess að framleiðslan dróst saman og nam sá samdráttur um 3,8% á fyrstu 9 mánuðum ársins borið saman við sama tímabil í fyrra.

Hærra afurðaverð í erlendri mynt heldur uppi útflutningsverðmæti sjávarafurða

Útflutningsverðmæti sjávarafurða á föstu gengi dróst lítillega saman milli ára. Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 192,5 mö.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins borið saman við 192,2 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Aukningin nemur því 0,3 ma.kr. eða 0,2%. Það sem hefur haldið útflutningsverðmætinu uppi og vegið mjög sterklega á móti minna útflutningsverðmæti loðnu er hærra verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt. Verðið var 8,2% hærra á fyrstu þremur fjórðungum ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Verð á íslenskum sjávarafurðum í erlendri mynt hefur stigið nokkuð hratt á fyrstu þremur fjórðungum ársins og þarf að leita allt aftur til ársins 2015 til að finna meiri verðhækkun á fyrstu þremur fjórðungum ársins borið saman við sama tímabil í fyrra.



Breyting á 12 mánaða grundvelli í erlendri mynt
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.